



Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík

**Fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins um vetrarþjónustu (US220056).**

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Miðflokksins um vetrarþjónustu (USK22030084) dagsett 09.03.2022 svohljóðandi „*Reykjavíkurborg keypti bíl í vetrarþjónustu þvert á þarfagreiningar sem reyndist ónothæf þar sem hún gat ekki borið eins tonna saltkassa sem notaðir eru til að hálkuverja þrengri götur borgarinnar.*“

Lagðar eru fram fjórar spurningar:

1. Hvað kostaði bíllinn?
2. Var farið í verðkönnun?
3. Hver er seljandi bílsins?
4. Eru fleiri svona kaup sem ekki hefur verið upplýst um?

Svör:

1. Enginn bifreið er keypt af skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (SRU), í þessu tilfelli eru bifreiðar leigðar af AKA ehf.
2. Öll viðskipti með bifreiðar hjá SRU eru í útboðum.
3. Enginn seljandi bíls er til staðar, leigusali er AKA ehf.
4. Ákveðinn hluti verkefna SRU eru í útboðum samkvæmt innkaupareglum borgarinnar en einnig er notast við eigin vinnu starfsfólks. Það er eðli starfseminnar. Ef fyrirspyrjandi óskar eftir upplýsingum um verkefni og fyrirkomulag þeirra er sjálfsagt að upplýsa um það.

Virðingarfyllt,  
Hjalti J. Guðmundsson  
Skrifstofustjóri skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins